



Borgarráð Reykjavíkur  
Tjarnagötu 11  
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr fundargerð umhverfis- og skipulagsráðs dags. 28. júní 2023 um eftirfarandi mál:

### **Gjaldskrá og gjaldskyldutími bílastæða - til afgreiðslu**

Lagt er til að umhverfis- og skipulagsráð samþykki eftirfarandi tillögu að breytingum á gjaldskyldu fyrir bílastæði Reykjavíkurborgar:

- Að gjald á gjaldsvæði P1 verði 600 kr/klst og hámarkstími verði 3 klst.
- Að gjaldskyldutími á gjaldsvæðum P1 og P2 verði til klukkan níu á kvöldin, virka daga.
- Að gjaldskyldutími á gjaldsvæðum P1 og P2 verði til klukkan níu á kvöldin, á laugardögum.
- Að gjaldskylda verði á gjaldsvæðum P1 og P2 verði milli klukkan 10 á morgnanna og níu á kvöldin, á sunnudögum.
- Að ekki verði gjaldskylda á gjaldsvæði P3 á laugardögum.

Annað er óbreytt frá gildandi tilhögun gjaldskyldu.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi málsmeðferðartillögu:

Framlögð tillaga felur í sér 40% hækkun bílastæðagjalda á gjaldsvæði P1. Einnig að gjaldskyldutími verði lengdur til kl. 21 virka daga og á laugardögum á gjaldsvæðum P1 og P2. Þá verði tekin upp gjaldskylda á sunnudögum á gjaldsvæðum P1 og P2. Lagt er til að tillagan verði kynnt fyrir samtökum rekstraraðila í miðborginni og viðkomandi íbúasamtökum og íbúaráðum: þ.e. íbúaráði og Íbúasamtökum Vesturbæjar, Íbúasamtökum miðborgar Reykjavíkur og íbúaráði Miðborgar og Hlíða. Þessum aðilum verði gefinn kostur á að tjá sig um fyrirhugaðar breytingar áður en þær verða teknar til endanlegrar afgreiðslu.

Tillagan er felld með fjórum atkvæðum fulltrúa Samfylkingarinnar, Framsóknar og Pírata gegn tveimur atkvæðum fulltrúa Sjálfstæðisflokksins. Fulltrúi Vinstri grænna situr hjá við afgreiðslu málsmeðferðartillögunnar.

Borin er þá upp upprunaleg tillaga og hún samþykkt. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Vísað til borgarráðs.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Framsóknar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:



Verið er að uppfæra gjaldskrá og gjaldskyldutíma bílastæða í samræmi við verklagsreglur í takt við notkun.

Áheyrnarfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands leggur fram svohljóðandi bókun:

Ráðist er hér í róttækar breytingar vegna gjaldskyldra bílastæða í Miðborginni. Á sama tíma og þjónusta strætó er ófullnægjandi, og á sama tíma og tíðnin er alltof fátíð, þá er óverjanlegt að rukka fólk hærri gjöld og lengja innheimtutímamann umtalsvert fyrir að leggja í stæði. Miðborgin er fyrir alla íbúa, þau sem hafa minna á milli handanna munu veigra sér við að sækja þjónustu í miðbænum með þessum breytingum. Fulltrúi Sósíalista myndi styðja þessar breytingar ef tryggt væri að tíðni strætó myndi aukast á móti sem og ef þjónustan yrði bætt. Á meðan svo er ekki, er óréttlætjanlegt að skerða eina raunhæfa kostinn í stöðunni fyrir margt fólk, sem er að nota bíl. Margt fólk sér enga aðra kosti í stöðunni því borgin hefur ekki skapað hvata fyrir íbúa til að nota strætó.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Hækka á gjald fyrir bílastæði Reykjavíkurborgar umtalsvert og þrengja reglurnar samhliða hækkun. Þess utan bætast við sunnudagar. Að gjaldskylda verði á gjaldsvæðum P1 og P2 milli klukkan tíu á morgnanna og níu á kvöldin, á sunnudögum. Þessar breytingar hafa mikinn fælingarmátt fyrir þá sem koma akandi í bæinn og er nú nóg samt. Þess utan hefur hækkun á gjöldum áhrif á verðbólguþrauginn.

Harri Ormarsson  
*Umhverfis- og skipulagssvið*  
*Skrifstofa stjórnsýslu og gæða*

Fylgiskjöl: Bréf umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar dags. 22. júní 2023



## TILLAGA

**Viðtakandi:** Umhverfis- og skipulagsráð

**Sendandi:** Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

### ***Breytingar á gjaldskyldu bílastæða í Reykjavík***

Lagt er til að umhverfis- og skipulagsráð samþykki eftirfarandi tillögu að breytingum á gjaldskyldu fyrir bílastæði Reykjavíkurborgar:

- Að gjald á gjaldsvæði P1 verði 600 kr/klst.
- Að heimilt verði að leggja í að hámarki 3 klst. á gjaldsvæði P1.
- Að gjaldskyldutími á gjaldsvæðum P1 og P2 verði lengdur til klukkan níu á kvöldin, virka daga.
- Að gjaldskyldutími á gjaldsvæðum P1 og P2 verði lengdur til klukkan níu á kvöldin, á laugardögum.
- Að gjaldskylda verði á gjaldsvæðum P1 og P2 verði milli klukkan tíu á morgnanna og níu á kvöldin, á sunnudögum.
- Að ekki verði gjaldskylda á gjaldsvæði P3 á laugardögum.

Annað er óbreytt frá gildandi tilhögun gjaldskrár og gjaldskyldu.

Greinargerð:

Tillagan er sett fram á grundvelli reglna um notkun stöðureita og gjaldtöku í Reykjavík, verklagsreglna um verðbreytingar gjaldsvæða og innleiðingu nýrra gjaldsvæða á borgarlandi Reykjavíkur, talninga á nýtingu bílastæða sem fóru fram í árslok 2022 og upplýsinga um nýtingu bílahúsa.

Niðurstöður talninga sýna sem fyrr mikla og stöðuga nýtingu bílastæða á flestum gjaldsvæðum og mikla nýtingu utan gjaldskyldutíma.

Nokkur hluti gatna innan P1 mælist enn með yfir 85% nýtingu og gefa niðurstöður talninga því tilefni til að breyta gjaldskrá til þess að geta betur stýrt eftirspurn eftir bílastæðum, í samræmi við fyrrgreindar verklagsreglur. Tillagan felur því í sér hækkun gjaldskrár á svæði P1 upp í kr. 600,- auk innleiðingar hámarkstíma á gjaldsvæðinu, þ.e. setningu tímatakmarka á hversu lengi má leggja ökutæki innan gjaldsvæðis P1.

Niðurstöður talninganna nú, sem og árin 2019 og 2021, sýna að bílastæði við götukanta á gjaldsvæðum P1 og P2 eru að jafnaði fullnýtt á kvöldin á meðan nægilegt framboð er af bílastæðum í bílahúsum borgarinnar. Nýting var talin við lok gjaldskyldu kl. 18 og svo aftur kl. 20 og sýndi talning að nýtingin jókst eftir því sem leið á kvöldið. Í samræmi við niðurstöður



talninga felur tillagan því í sér lengingu á gjaldskyldutíma til kl. 21 á gjaldsvæðum P1 og P2. Þar er um að ræða svæði þar sem finna má mestan þéttleika af starfsemi sem er opin á kvöldin og götur nálægt bílahúsum, en með gjaldskyldu aukast líkurnar að sama skapi á því að ökumenn kjósi að leggja í bílahúsum borgarinnar og þar með líklegra að íbúar fái stæði við heimili sín.

Bílastæðanýting um helgar hefur verið talin undanfarin ár, með áherslu á svæði við verslun og þjónustu. Niðurstöður talninganna hafa stöðugt sýnt að bílastæðanýting mælist ávallt hærri á sunnudögum en laugardögum á öllum töldum svæðum og yfir viðmiðunarmörkum samkvæmt verklagsreglum. Tillagan felur því í sér innleiðingu gjaldskyldu á sunnudögum. Með innleiðingu gjaldskyldu næst betri stýring á nýtingu bílastæða, sem stuðlar að betri nýtingu bílahúsa, eins og áður greinir, og eykur líkur íbúa á að finna stæði í nálægð við heimili. Samhliða þessum breytingum felur tillagan í sér að gjaldskylda falli niður á gjaldsvæði P3 á laugardögum í samræmi við niðurstöður talninga.

Eftirfarandi er yfirlit yfir núgildandi stöðu gjaldskyldu og tillöguna:

Gjaldskrá:

Gjaldsvæði	Núgildandi gjaldskrá kr/klst.	Tillaga að gjaldskrá kr/klst.
P1	430	600 – Hámarkstími 3 klst.
P2	220	Óbreytt
P3	220, 220, 65, 65.....	Óbreytt
P4	220	Óbreytt

Gjaldskyldutími virka daga:

Gjaldsvæði	Núgildandi gjaldskyldutími	Tillaga að gjaldskyldutíma
P1	9-18	9-21
P2	9-18	9-21
P3	9-18	Óbreytt
P4	8-16	Óbreytt

Gjaldskyldutími laugardaga:

Gjaldsvæði	Núgildandi gjaldskyldutími	Tillaga að gjaldskyldutíma
P1	10-16	10-21
P2	10-16	10-21
P3	10-16	Enginn
P4	Enginn	Óbreytt



Gjaldskyldutími sunnudaga:

Gjaldsvæði	Núgildandi gjaldskyldutími	Tillaga að gjaldskyldutíma
P1	Enginn	10-21
P2	Enginn	10-21
P3	Enginn	Óbreytt
P4	Enginn	Óbreytt

Í samræmi við 2. mgr. 86. gr, umferðarlaga nr. 77/2019 hafa tillögurnar verið bornar undir og hlotið samþykki lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Virðingarfyllst,  
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir  
*Samgöngustjóri*

Hjálagt:

1. Tillaga að auglýsingu. Gjaldskrá fyrir gjöld á bílastæðum í Reykjavíkurborg.
2. Tillaga að auglýsingu. Auglýsing um gjaldskyldu á bílastæðum Reykjavíkurborgar.
3. Samþykki lögreglu á tillögunni.
4. Niðurstöður talninga frá Eflu. Yfirlitskort yfir há- og lágnýtingu yfir daginn.
5. Niðurstöður talninga frá Eflu. Yfirlitskort yfir bílastæðanýtingu á kvöldin.
6. Minnisblað Eflu dags. 10.03.2023 um bílastæðanýtingu um helgar.
7. Minnisblað um nýtt eftirlitskerfi fyrir Bílastæðasjóð – framtíðarlausn.



## GJALDSKRÁ

### fyrir gjöld á bílastæðum í Reykjavíkurborg

#### 1. gr.

*Gjöld á gjaldskyldum bílastæðum*

Gjöld á gjaldskyldum bílastæðum eru eftirfarandi:

- 600 krónur á klukkustund á gjaldsvæði 1, hámarkstími 3 klukkustundir.
- 220 krónur á klukkustund á gjaldsvæði 2.
- 220 krónur á klukkustund fyrstu tvær klukkustundirnar, en 65 krónur á klukkustund eftir það, á gjaldsvæði 3.
- 220 krónur á klukkustund á gjaldsvæði 4.

#### 2. gr.

*Gjald fyrir bílastæðakort íbúa í Reykjavík*

Gjald fyrir bílastæðakort íbúa er eftirfarandi:

- 1.300 krónur á mánuði fyrir bifreiðar sem ganga eingöngu fyrir rafmagni eða vetni.
- 2.600 krónur á mánuði fyrir aðrar bifreiðar.

#### 3. gr.

*Gildistaka og lagastoð*

Gjaldskrá þessi, sem sett er með heimild í 2. mgr. 86. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, með síðari breytingum, var samþykkt á fundi umhverfis- og skipulagsráðs xx.xxxx 2023 og á fundi borgarráðs xx.xxxx 2023 og tekur gildi við birtingu í Stjórnartíðindum. Á sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1306/2022.

*Borgarstjórnin í Reykjavík, xx.xxxx 2023.*

**Dagur B. Eggertsson**



## AUGLÝSING

### um gjaldskyldu á bílastæðum Reykjavíkurborgar

#### 1. gr.

##### *Gildissvið*

Auglýsing þessi nær eingöngu til gjaldskyldu á götum og svæðum á borgarlandi og lóðum í eigu borgarinnar.

#### 2. gr.

##### *Gjaldskyldutími á gjaldskyldum bílastæðum*

Gjaldskyldutími á gjaldskyldum bílastæðum er eftirfarandi:

- Gjaldsvæði 1, frá 9.00 til 21.00 virka daga og 10.00 til 21.00 laugardaga og sunnudaga.
- Gjaldsvæði 2, frá 9.00 til 21.00 virka daga og 10.00 til 21.00 laugardaga og sunnudaga.
- Gjaldsvæði 3, frá 9.00 til 18.00 virka daga.
- Gjaldsvæði 4, frá 8.00 til 16.00 virka daga.

Ekki er gjaldskylda á eftirfarandi dögum: nýársdagur, skírdagur, föstudagurinn langi, páskadagur, annar í páskum, sumardagurinn fyrsti, 1. maí, uppstigningardagur, hvítasunnudagur, annar í hvítasunnu, 17. júní, frídagur verslunarmanna, jóladagur, annar í jólum.

#### 3. gr.

##### *Gjaldskyld bílastæði*

Gjaldskylda er á bílastæðum á eftirfarandi stöðum:

- Gjaldsvæði 1  
Aðalstræti,  
Amtmannsstígur,  
Austurstræti,  
Bankastræti, milli Lækjargötu og Ingólfsstrætis,  
Barónsstígur, milli Hverfisgötu og Grettisgötu,  
Bergstaðastræti, milli Laugavegar og Spítalastígs,  
Bjarnastígur,  
Brattagata,  
Brautarholt, sunnan götu, við hús nr. 22,  
Fischersund,  
Frakkastígur, milli Skólavörðustígs og Hverfisgötu,  
Garðastræti, milli Vesturgötu og Túngötu,  
Grettisgata, milli Rauðarárstígs og Snorrabrautar,  
Grettisgata, milli Vegamótastígs og Snorrabrautar,  
Grettisgata, norðan götu, milli Rauðarárstígs og lóðar nr. 94,  
Grjótagata,  
Grófin,  
Hafnarstræti,  
Hallveigarstígur,



## Reykjavíkurborg

Hverfisgata, milli Lækjargötu og Rauðarárstígs,  
Ingólfsstræti, bílaplan norðan við Hallveigarstíg 1,  
Ingólfsstræti, milli Hverfisgötu og Spítalastígs,  
Karástígur,  
Kirkjutorg,  
Klapparstígur, milli Hverfisgötu og Skólavörðustígs,  
Laugavegur, milli Frakkastígs og Rauðarárstígs,  
Lækjargata,  
Mjóstræti,  
Mjóstræti, bílaplan á lóð nr. 8,  
Naustin,  
Njálsgata, milli Klapparstígs og Frakkastígs,  
Nóatún, austan götu, milli Skipholts og Brautarholts,  
Pósthússtræti, Skipholt, norðan götu, við hús nr. 21,  
Skólastræti,  
Skólavörðustígur, milli Bergstaðastrætis og Njarðargötu,  
Smiðjustígur, milli Laugavegar og Hverfisgötu,  
Snorrabraut, vestan götu, milli Laugavegar og Grettisgötu,  
Sæbraut, bílaplan við Sólfar,  
Templarasund,  
Tjarnargata, milli Vonarstrætis og Kirkjustrætis,  
Tryggvagata,  
Tryggvagata, bílaplan norðan lóða nr. 13-17,  
Túngata, bílaplan við Suðurgötu,  
Túngata, milli Garðastrætis og Suðurgötu,  
Veltusund,  
Vitastígur, milli Hverfisgötu og Grettisgötu,  
Vonarstræti,  
Þingholtsstræti, milli Bankastrætis og Amtmannsstígs.

### b. Gjaldsvæði 2

Ásvallagata, milli Hofsvallagötu og Ljósfallagötu,  
Bakkastígur,  
Baldursgata, milli Freyjugötu og Skólavörðustígs,  
Barónsstígur, milli Laufásveggar og Eiríksgötu,  
Barónsstígur, milli Skúlagötu og Hverfisgötu,  
Bárugata, milli Garðastrætis og Stýrimannastígs,  
Bergstaðastræti, milli Spítalastígs og Bjargarstígs,  
Bjarkargata,  
Blómvallagata,  
Borgartún, milli Snorrabrautar og Katrínartúns,  
Bókhöðustígur,  
Brávallagata,  
Briertartún,  
Brunnstígur,  
Eiríksgata, milli Barónsstígs og Þorfinnsgötu,  
Frakkastígur, milli Lindargötu og Hverfisgötu,  
Fríkirkjuvegur,  
Garðastræti, milli Túngötu og Hólatorgs,  
Grundarstígur, milli Spítalastígs og Skálholtsstígs,





## Reykjavíkurborg

Hávallagata, milli Hofsvallagötu og Blómvallagötu,  
Hólatorg,  
Hólavallagata,  
Hrannarstígur,  
Hverfisgata, móts við hús nr. 117-125,  
Ingólfsstræti, milli Skúlagötu og Hverfisgötu,  
Kirkjugarðsstígur,  
Klapparstígur, milli Lindargötu og Hverfisgötu,  
Laufásvegur, milli Bókhöðustígs og Skálholtsstígs,  
Laugavegur, bílaplan á lóð nr. 124,  
Lindargata,  
Ljósvallagata,  
Lokastígur,  
Miðstræti,  
Njálsgata, milli Frakkastígs og Snorrabrautar,  
Nóatún, vestan götu, milli Brautarholts og Skipholts,  
Nýlendugata,  
Óðinsgata, milli Skólavörðustígs og Freyjugötu,  
Rauðarárstígur, milli Bríetartúns og Njálsgötu,  
Ránargata, milli Garðastrætis og Stýrimannastígs,  
Skipholt, norðan götu, milli Nóatúns og Traðarholts,  
Skothúsvegur, milli Frikirkjuvegar og Laufásvegar,  
Skúlagarður, inngarður afmarkaður af Laugavegi, Rauðarárstíg og Bríetartúni,  
Smíðjustígur, milli Lindargötu og Hverfisgötu,  
Sólvallagata, milli Hofsvallagötu og Ljósvallagötu,  
Spítalastígur,  
Stórholt,  
Suðurgata, milli Túngötu og Kirkjugarðsstígs,  
Stýrimannastígur,  
Tjarnargata, milli Hringbrautar og Vonarstrætis,  
Túngata,  
Túngata, bílaplan við Landakotskirkju,  
Týsgata,  
Vatnsstígur,  
Vatnsstígur, milli Lindargötu og Hverfisgötu,  
Veghúsastígur,  
Vesturgata, milli Garðastrætis og Stýrimannastígs,  
Vitastígur, milli Grettisgötu og Bergþórugötu,  
Þingholtsstræti, milli Amtmannsstígs og Skálholtsstígs,  
Þórgata,  
Þórunnartún,  
Þverholt, milli Laugavegar og Stórhólts,  
Þverholt, milli Stórhólts og húss nr. 15,  
Ægisgata,  
Öldugata, milli Stýrimannastígs og Garðastrætis.

### c. Gjaldsvæði 3

Baldursgata, milli Nönnugötu og Freyjugötu,  
Bergþórugata,  
Berstaðastræti, milli Bjargarstígs og Baldursgötu,



Bjargarstígur,  
Bragagata, milli Nönnugötu og Freyjugötu,  
Félagstún,  
Frakkastígur, bílaplan á lóð nr. 1,  
Freyjugata, milli Njarðargötu og Óðinsgötu,  
Grundarstígur, milli Skáholtsstígs og Hellusunds,  
Guðrúnartún,  
Guðrúnartún, bílaplan á lóð nr. 3,  
Hellusund,  
Klapparstígur, milli Skúlagötu og Lindargötu,  
Laufásvegur, milli Skáholtsstígs og Hellusunds,  
Óðinsgata, milli Freyjugötu og Baldursgötu,  
Skálholtsstígur,  
Skuggasund,  
Skúlagata,  
Skúlagata, bílaplan á lóð nr. 6,  
Skúlagata, bílaplan á móts við Klapparstíg,  
Skúlagata, bílaplan vestan við lóð nr. 3,  
Sölvhólgata,  
Vatnsstígur, milli Lindargötu og Skúlagötu,  
Þingholtsstræti, milli Skálholtsstígs og Hellusunds.

#### 4. gr.

##### *Gildistaka og lagastöð*

Gjaldskylda á götum þessum og svæðum er sett með heimild í 2. mgr. 86. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, með síðari breytingum, var samþykkt á fundi umhverfis- og skipulagsráðs xx.xxxx 2023 og tekur gildi við birtingu í Stjórnartíðindum. Á sama tíma fellur úr gildi auglýsing nr. 1390/2022 um gjaldskyldu á bílastæðum Reykjavíkurborgar.

*Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar, umhverfis- og skipulagssviði, xx.xxxx 2023.*

**Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir** samgöngustjóri

## Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir

**From:** Árni Friðleifsson <arni.fridleifsson@lrh.is>  
**Sent:** föstudagur, 23. júní 2023 10:28  
**To:** Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir; LRH:Fyrirspurnir  
**Cc:** Rakel Elíasdóttir; Guðbrandur Sigurðsson  
**Subject:** RE: Breytt gjaldskrá og gjaldskyldutími bílastæða, tillaga

Sæl.

Þetta ætti þá að vera síðasta svarið í þessari lotu !

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu gerir ekki athugasemdir og samþykkir erindið.

### Árni Friðleifsson

Aðalvarðstjóri  
Umferðardeild

arni.fridleifsson@lrh.is



UM ÁBYRGÐ Á TÖLVUPÓSTI

### Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu

Hverfisgötu 113-115  
105 Reykjavík

lrh@lrh.is  
4441000



TRAUST – FAGMENNSKA – ÖRYGGI

 **Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing**

**Frá:** Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir <Gudbjorg.Lilja.Erlendsdottir@reykjavik.is>

**Sent:** 22. júní 2023 18:58

**Til:** LRH:Fyrirspurnir <lrh@lrh.is>; Árni Friðleifsson <arni.fridleifsson@lrh.is>

**Afrit:** Rakel.Eliasdottir@reykjavik.is

**Efni:** Breytt gjaldskrá og gjaldskyldutími bílastæða, tillaga

USK23060025

Sæll Árni

Þetta er síðasta erindið sem ég sendi þér, sbr. umræðu okkar í dag (þ.e. nr4 af 4).

Reykjavíkurborg óskar eftir samþykki lögreglunnar neðangreindri tillögu að breytingu á gjaldskrá og gjaldskyldutíma bílastæða.

Gjaldskrá:

Gjaldsvæði	Gjaldskrá kr. pr. klst.
P1	600 – Hámarkstími 3 klst.

Gjaldskyldutími virka daga:

Gjaldsvæði	Tillaga að gjaldskyldutíma
P1	9-21
P2	9-21

Gjaldskyldutími laugardaga:

Gjaldsvæði	Tillaga að gjaldskyldutíma
P1	10-21
P2	10-21
P3	Enginn

Gjaldskyldutími sunnudaga:

Gjaldsvæði	Tillaga að gjaldskyldutíma
P1	10-21
P2	10-21

Annað er óbreytt frá núverandi gjaldskrá.


Kveðja,

**Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir**

Samgöngustjóri

Sími/Tel: +354 411 1111

[guðbjorg.lilja.erlendsdottir@reykjavik.is](mailto:guðbjorg.lilja.erlendsdottir@reykjavik.is)




**Skýringar**

**Bílastæðanýting kl. 18**

**Nýting**

- < 50%
- 51-70%
- 71-85%
- > 85%

Bílahús nýting kl. 18



**Skýringar**

Bílastæðanýting kl. 20

Nýting

- < 50%
- 51-70%
- 71-85%
- > 85%

Bílahús nýting kl. 20

## MINNISBLAÐ

### DAGS.

10.03.2023

### SENDANDI

Daði Baldur Ottósson

### MÁLEFNI


Bílastæðanýting um helgar

### DREIFING

Rakel Elíasdóttir (Reykjavíkurborg)


## Samanburður á bílastæðanýtingu á laugardögum og sunnudögum milli ára

Eftirfarandi götur um helgar, laugardag og sunnudag frá kl. 11-14, hafa verið taldar undanfarin ár. Lögð hefur verið áhersla á að telja bílastæði sem við verslun og þjónustu.




**MYND 1** Talningarsvæði um helgar. Götur merktar með rauðu hafa verið taldar um helgar undanfarin ár.


Niðurstöður þessara talninga hefur verið að bílastæðanýting mælist ávallt hærri á sunnudögum en á laugardögum á öllum þeim svæðum sem til skoðunar voru. Þetta má sjá á myndunum hér á næstu síðu.



**MYND 2** Samanburður á bílastæðanýtingu á laugardögum og sunnudögum innan valdra svæða vorið 2019.



**MYND 3** Samanburður á bílastæðanýtingu á laugardögum og sunnudögum innan valdra svæða haustið 2021.



**MYND 4** Samanburður á bílastæðanýtingu á laugardögum og sunnudögum innan valdra svæða haustið 2022.



## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Umhverfis- og skipulagsráð

**Sendandi:** Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar - Bílastæðasjóður

### **Nýtt eftirlitskerfi fyrir Bílastæðasjóð - framtíðarlausn**

Í sumar er verið að ljúka við innleiðingu á upp færðu mála- og álagningakerfi<sup>1</sup> fyrir Bílastæðasjóð, auk þess sem unnið er að innleiðingu á upp færðu íbúakortakerfi<sup>2</sup>. Vonast er til að innleiðingu á þessum kerfum ljúki nú á haustmánuðum 2023. Í framhaldinu er fyrirhugað að fara í útboð á nýju eftirlitskerfi fyrir Bílastæðasjóð við götukant en mikil þróun hefur átt sér stað í tæknibúnaði í eftirliti með gjaldskyldum svæðum og bifreiðastöðum á undanförunum árum. Undirbúningur útboðsins er unninn í samráði við þjónustu- og nýsköpunarsvið sem og innkaupaskrifstofu. Leitað hefur verið fyrirmynda erlendis og horft til kerfa í borgum eins og Den Haag, Delft, Osló og kerfa víðar frá Norðurlöndunum, Hollandi, Króatíu og Ástralíu, svo dæmi séu tekin.

Áætlað er að hið nýja eftirlitskerfi umbylti eftirliti á götum úti, auki afköst, skilvirkni og hagkvæmni. Gert er ráð fyrir sjálfvirkum númeraálestri með myndavélum á bifreiðum, rafknúnum hjólum eða vespum sem ekið er um götur við eftirlit, sem og í símtækjum gangandi stöðuvarða. Kerfið sendir upplýsingar um ökutæki sem ekki hefur verið greitt fyrir á gjaldskyldum svæðum í bakendakerfi, þar sem farið er yfir upplýsingarnar og þær sem uppfylla nánar tilgreind skilyrði eru sendar í gjaldkerfi til álagningar og innheimtu.

Í kerfinu er gert ráð fyrir að notast verði við bifreið með þar til gerðum myndavélum sem les númeraplötur ökutækja sem lagt er. Innan við sekúndubrot tekur að lesa hvert númer og getur slíkt eftirlitskerfi náð að lesa um 1500 númeraplötur á klukkustund í akstri. Í útboðinu verður gerð krafa um að einnig sé mögulegt að vinna að því að gera eftirlit með stöðubrotum stafrænna og sjálfvirkara, þ.e. eftirlit með bifreiðum sem lagt er ólöglega hvort sem er innan gjaldskyldra svæða eða utan þeirra. Fyrst um sinn verður gert ráð fyrir tveimur bifreiðum, einni til að sinna eftirliti með gjaldskyldu á gjaldsvæðum og annarri til þess að sinna einnig eftirliti með stöðubrotum og að vera til taks t.d. ef bilanir verða. Krafa verður gerð um að kerfið nýtist einnig í snjallsímum gangandi stöðuvarða og að í því verði kerfi til að fylgjast með nýtingu bílastæða, vörulestun og -losun, sem og lagningum á svæði með hámarkstíma svo eitthvað sé nefnt.

<sup>1</sup> Mála- og álagningakerfi heldur m.a. utan um álögð gjöld, greiðslur gjalda á netinu og meðferð mála svo sem endurupptökubeiðnir.

<sup>2</sup> Íbúakortakerfi heldur m.a. utan um skráð íbúakort, umsóknir og afgreiðslur.



Bakendakerfi safnar inn öllum númerum sem lesin eru ásamt upplýsingum og myndum. Í bakendakerfinu fer fram endurmat á gjöldum og í því eru tengingar við ökutækjaskrá. Starfsmenn yfirfara númeraálesturinn, staðfesta gjöld sem leggja á á og senda stöðuvörð á staðinn ef eitthvað er óljóst eða ef það þarf að kanna aðstæður. Lausnin flettir aftur upp í greiðslulausnum eftir ákveðinn tíma og kannar hvort enn hafi ekki verið greitt fyrir bifreið á gjaldskyldu svæði og gefin er út álagning ef svo er ekki.

Með innleiðingu á nýju eftirlitskerfi í samræmi við ofangreint ætti starfsmannafjöldi ekki að aukast frá þeim fjölda sem gert er ráð fyrir í núverandi kerfi, þrátt fyrir að gjaldskyldutími lengist, gjaldsvæði stækki og eftirlit með stöðubrotum í úthverfum aukist. Þar til innleiðingu á nýju eftirlitskerfi er lokið þarf þó að gera ráðstafanir til að sinna eftirliti sem skyldi. Lenging gjaldskyldu mun kalla á fleiri stöðuverði og breytt vinnufyrirkomulag frá því sem er í dag. Í dag eru þó fyrirliggjandi stöðugildi ekki fullmönnuð svo ekki mun koma fram ósk um fjölgun stöðugilda fyrr en þær hafa verið fullmannaðar og reynsla komin á breytt vinnufyrirkomulag sem óhjákvæmilegt er við lengingu gjaldtímans. Nú þegar er farið að vinna að einfaldara, skilvirkara og hagkvæmara eftirliti samhliða innleiðingu á uppfærðu álagninga- og málakerfi, s.s. með því að tengja álagningu gjalda við island.is þannig að ekki þurfi að prenta út miða og festa undir bílrúður með tilheyrandi umhverfisáhrifum, pappír og tækjabúnaði. Þá er stefnt að því að flýta uppsetningu á sjálfvirkum númeraálestri úr símtækjum stöðugarða, þannig að þeir komist hraðar yfir svæði, verði sýnilegri víðar um borgina og stöðvi skemur við hverja bifreið, sem stuðlar einnig að auknu öryggi og bættum starfsskilyrðum fyrir stöðuverði.

Bílastæðasjóður tekur hlutverk sitt í því að tryggja aðgengi allra og skapa mannvænni borg í samræmi við Aðalskipulag Reykjavíkur alvarlega. Innleiðing á tæknilausnum í takt við þá þróun sem verið hefur alþjóðlega á undanförunum árum er liður í því. Væntingar eru um að eftirlit og þjónusta sjóðsins batni til muna á sama tíma, sem og starfsskilyrði stöðugarða sem er ekki síður mikilvægt.

Virðingarfyllst,  
Rakel Elíasdóttir  
deildarstjóri reksturs Bílastæðasjóðs  
*Umhverfis- og skipulagssviði*